

## Skilmálar beingreiðslna

### Upplýsingar um viðskiptavin

Nafn:	Kennitala:
Netfang:	Farsími:

Skilmálar þessir gilda á milli Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160, og viðskiptavina hans, þegar viðskiptavinur leggur fram upplýsingar og óskar eftir, að Íslandsbanki hf. annist greiðslur á rafrænum kröfum ásamt hugsanlegum áföllnum kostnaði krafna, af bankareikningi hans.

Með því að leggja fram upplýsingar og óska eftir, að Íslandsbanki hf. annist greiðslur á rafrænum kröfum ásamt hugsanlegum áföllnum kostnaði krafna, af bankareikningi viðskiptavinar, samþykkir hann að hlíta gildandi skilmálum um beingreiðslur hjá Íslandsbanka. Skilmálarnir, eins og þeir eru á hverjum tíma, eru aðgengilegir á vefsíðu bankans, [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is).

Með beiðninni samþykkir viðskiptavinur jafnframt að greiðsluseðill vegna kröfu verði sóttur rafrænt í vefgátt Reiknistofu bankanna og varðveittur hjá bankanum. Nánar um meðferð persónuupplýsinga má nálgast hér: [www.islandsbanki.is/personuvernd](http://www.islandsbanki.is/personuvernd).

Íslandsbanki hf. ber hvorki ábyrgð gagnvart greiðanda (viðskiptavini) né viðtakanda greiðslu ef ekki er næg innstæða fyrir kröfunni á greiðslureikningi greiðanda á umsömdum eindaga hennar. Þá ábyrgist bankinn ekki að krafan verði greidd, verði lagt inn á greiðslureikning eftir eindaga.

Allar upplýsingar um greiðslur, fjárhæð greiðslna, gjöld fyrir þjónustuna, upplýsingar um gengi (ef við á) og dagsetningu greiðslufyrirmæla og framkvæmdar greiðslu eru aðgengilegar viðskiptavini í Netbanka hans að lokinni skuldfærslu hverrar greiðslu.

Gjald fyrir þjónustu þessa er skv. verðskrá bankans hverju sinni.

Reikningseigandi þarf að hafa náð 18 ára aldri til að geta óskað eftir beingreiðslu.

Bankinn hefur heimild til að breyta ákvæðum skilmála þessara einhliða. Ef breytingarnar eru ekki til hagsbóta fyrir viðskiptavin skal honum tilkynnt um þær á tryggan hátt, s.s. með skilaboðum í netbanka, tilkynningu á heimasíðu bankans, póstsendingu á tilkynnt aðsetur eða lögheimili viðskiptavinar eða með tölvupósti á tilkynnt netfang hans. Breytingarnar skulu kynntar viðskiptavinum eigi síðar en 2 mánuðum áður en breyttir skilmálar taka gildi. Aðrar breytingar er bankanum heimilt að birta með tilkynningu á heimasíðu sinni: [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is). Viðskiptavinur telst hafa samþykkt breytinguna tilkynni hann ekki um annað fyrir fyrirhugaðan gildisdag.

Vilji viðskiptavinur hætta í þjónustunni að hluta eða að fullu þarf uppsögn að berast Íslandsbanka hf. í síðasta lagi 3 viðskiptadögum fyrir áætlaðan greiðsludag kröfu. Bankinn hættir þá að annast greiðslu á rafrænum kröfum að hluta eða öllu leyti fyrir hönd viðskiptavinar og ber þá enga ábyrgð á greiðslu krafanna.

Með rafrænni undirritun sinni, eða undirritun með eigin hendi, staðfestir viðskiptavinur allt sem að ofan greinir.

---

Staður

Dags. (DD.MM.ÁÁÁÁ)

Undirritun f.h. viðskiptavinar (nafn og kennitala)

